



## Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands, 239. mál

25. október 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri í sambandi við það.

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undigengist, sem og á heimsmarkmiðum SP, sem hafa það meginmarkmið að **skilja engan eftir**.

Landssamtökin Þroskahjálpar fagna því að þetta frumvarp hafi verið lagt fram og fyrirætlunum um setningu laga um stofnun Mannréttindastofnunar Íslands. Samtökin hvetja til þess að lagasetningunni og framkvæmd laganna verði hraðað eins og nokkur kostur er og benda í því sambandi á að þjóðréttarleg skylda til að setja á fót mannréttindastofnun, sem uppfyllir Parísar-meginreglurnar (e. Paris Principles) féll á íslenska ríkið fyrir 7 árum, þ.e. við fullgildingu þess á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016.

Þá fagna samtökin því að gert skuli ráð fyrir að réttindagæsla fyrir fatlað fólk falli undir mannréttindastofnunina. Það hefur frá stofnun réttindagæslunnar, með lögum nr. 88/2011, verið ljóst að réttindagæslan á ekki heima undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Sú staðsetning hennar í stjórnkerfinu samræmist engan veginn kröfum, sem gera verður í réttarríki til að eftirlit af þessu tagi sé sem óháðast stjórnvöldum, sem það beinist oft að, beint eða óbeint. Samtökin skora því á ríkisstjórnina og Alþingi að koma réttindagæslunni sem fyrst undir sjálfstæða mannréttindastofnun. Samtökin telja að það megi vel gera mjög fljótt, þar sem skipulag og verkefni réttindagæslunnar er með þeim hætti að það krefst alls ekki flókinna eða tímafrekra breytinga á lögum, reglum og/eða stjórnkerfi.

Samtökin áréttu sérstaklega mikilvægi þess að við framkvæmd laga um Mannréttindastofnun Íslands verði sérstaklega gætt að samráðsskyldum ríkisins samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og að tekið verði fullt tillit til aðstæðna og þarfa fatlaðs fólks, þ.m.t. og sérstaklega fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Í því sambandi er afar mikilvæg sú skýra skylda ríkisins að gæta sérstaklega að rétti fatlaðs fólks til viðeigandi aðlögunar til að tryggja að fólki verði ekki mismunað á grundvelli fötlunar hvað varðar tækifæri til að taka virkan og innihaldsríkan þátt í samráðinu og til að koma reynslu sinni og sjónarmiðum á framfæri.

Í þessu sambandi vísa samtökin sérstaklega til eftirfarandi ákvæða í 4. og 33. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hafa yfirskriftirnar **Almennar skuldbindingar** og **Framkvæmd og eftirlit innanlands**. Í þessum greinum segir:

*Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.*

*Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.*

Við framfylgd þessara skyldna stjórnvalda er sérstaklega mikilvægt, eins og fyrr sagði, að fatlað fólk og þar með talið fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir, njóti ávallt viðeigandi aðlögunar, sem er grundvallarréttur samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks, sbr. 5. gr. hans sem hefur yfirskriftina **Jafnrétti og bann við mismunun** og hljóðar svo:

*1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurra mismununar.*

*2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og árangursríka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.*

**3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.**

*4. Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.*

**Viðeigandi aðlögun** er skilgreind svo í 2. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina **Skilgreiningar**:

*„Viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggj sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrlsi.*

Þá vilja Landssamtökin Þroskahjálp koma eftirfarandi ábendingum á framfæri varðandi frumvarpið:

Í frumvarpsdrögunum kemur ekkert fram um hversu burðug mannréttindastofnun á að vera m.t.t. fjölda starfsfólks, fjölbreytilegrar sérþekkingar á mörgum og mikilvægum fjölbjóðlegum mannréttindasamningum, ýmsum sviðum mannréttinda og aðstæðum og þörfum ýmissa hópa sem eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir mismunun og öðrum mannréttindabrotum og annars sem augljóslega ræður mjög miklu um að stofnunin geti sinnt mjög margvíslegum og mikilvægum verkefnum sínum með skilvirkum, áhrifa- og árangursríkum hætti. Samtökin leggja mikla áherslu á að fjármögnun og mönnun stofnunarinnar verði að vera í fullu samræmi við verkefnin og þarfirnar til að stofnunin teljist uppfylla skilyrði og kröfur sem leiða af Parísarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Í 6. gr. er fjallað um ráðgjafarnefnd. Þar segir að fulltrúar 8 aðila skuli ætíð eiga sæti í nefndinni. Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að gert sé ráð fyrir að samtökin eigi fastan fulltrúa í nefndinni, eins og eðlilegt og nauðsynlegt er m.t.t. mannréttinda fatlaðs fólks, þ.m.t. fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Landssamtökin Geðhjálp eru samkvæmt 6.

gr. frumvarpsins ekki á meðal þeirra sem gert er ráð fyrir að eigi fastan fulltrúa í nefndinni. Í ljósi þess að Geðhjálpar eru hagsmunasamtök hóps sem er mjög berskjaldaður fyrir margs konar mismunun og alvarlegum mannréttindabrotum leggja Landssamtökin Þroskahjálpar eindregið til að frumvarpinu verði breytt þannig að Geðhjálpar eigi fastan fulltrúa í ráðgjafarnefndinni.

Að lokum vilja Landssamtökin Þroskahjálpar áréttu að gera verður ráð fyrir greiðslum til samtaka sem eiga fulltrúa í ráðgjafarnefndinni þar sem augljóst er að virk þátttaka í henni mun kalla á umtalsverða vinnu.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar